

Hreppsnefnd Árneshrepps,
Bogi Kristinsson Magnusen, Skipulagsfulltrúi,
Miðbraut 11, IS-370 Búðardal

Varðar: Athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025.

16.10. 2017.

Fulltrúar í hreppsnefnd Árneshrepps

Undirritaður er hjartaskurðlæknir á Landspítala og prófessor við læknadeild Háskóla Íslands, en jafnframt náttúrunandi og náttúruverndarsinni, ásamt því að vera stjórnarmaður í Ferðafélagi Íslands og fararstjóri til fjölmargra ára með réttindi sem leiðsögumaður. Ég hef ferðast um gjörvallt Ísland en Vestfirðir og þá sérstaklega Strandir og Hornstrandir eru mér sérstaklega kærar. Þarna hef ég ferðast gangandi um alla firði og flest fjöll – oftast gangandi með allt á bakinu en einnig á bát

Ég hef alvarlegar athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á deiliskipulagi Árneshrepps 2005-2025, sem voru auglýstar þann 31. ágúst sl.

Ég tel algjörlega óásættanlegt að samþykkja þær framkvæmdir sem auglýstar hafa verið, en þær munu skaða náttúruna á þessu svæði óafturkræft – náttúru sem er einstök og er stór hluti af ósnortnum víðernum Vestfjarða.

Það eru fyrst og fremst allt að hundruðir fossa í ánum Rjúkandi, Hvalá og Eyvindarfjarðará sem verða undir verði af virkjun. Undirritaður telur að fossalandslag sé hvergi fjölbreyttara á Íslandi en einmitt á fyrirhuguðu virkjanasvæði. Þarna eru hörð berglög sem mynda eins konar stalla í þeim eru fossar sem eru af öllum stærðum og gerðum og hver öðrum fallegru. Ekki spillir kristaltær vatnið og kyrrðin á svæðinu sem aðeins er rofin af fossanið og fuglasöng. Nokkrir fossana eru á meðal fallestu fossa landsins, og tvímælalaust náttúruperlur á heimsmælikvarða. Má þar nefna fossa eins og Rjúkandifoss, Drynjanda, Hvalárfossa og fossaröðina í Eyvindarfjarðará. Það yrði meiriháttar umhverfisslys að fórna þessum náttúruperlum fyrir megawött, orku sem að stærstum hluta er ætluð mengandi stóriðju. Í flestum þessara fossa yrði rennslið aðeins 1/50 af venjulegu rennsli en í Rjúkandafossi myndi það skerðast um 30%, sem er algjörlega óásættanlegt fyrir slíkan foss og hreinlega náttúrspjöll. Í þessu sambandi má benda á að fossar njóta sérstakrar verndunar í náttúruverndarlögum. Undirritaður telur að þessir fossar séu “Gullfossar Stranda” og þá megi hæglega nýta til ferðaþjónustu, og t.d. stofna sérstakan Fossagarð. Enda auðvelt að komast að flestum þessara fossa gangandi á 1-2 klst. Hægt væri að bæta veg að ósum Hvalár og gera

síðan gönguleiðir að fossunum. Þetta gæti skapað hreppnum miklar tekjur og um leið varðveitt ásýnda svæðisins, sem er eitt af fallegustu ósnortnu víðernum Vestfjarða og Íslands, víðerna sem hefur gengið hratt á síðustu áratugi og við þurfum að varðveita fyrir komandi kynslóðir. Ef einhver skyldi efast um stórfengleika fossana er hægt að skoða þá á heimasíðunni www.fifl.is, en þar eru myndir eftir Ólaf Má Björnsson og undirritaðan.

Það eru ekki einungis fossar sem yrðu undir við virkjun, heldur einnig stórkostleg heiðavötn, þar sem stíflugarðar yrðu allt að 33 m háir. Um meiriháttar flutning á efni yrði að ræða á heiðinni. Enn meiri sjónmengun yrði þó af vegum sem liggja upp fjallið þar sem stöðvarhúsið yrði grafið í jörðu og af vegi niður í Ísafjarðardjúp. Þessar framkvæmdir kljúfa upp þessi stórkostlega víðerni sem eiga hvergi sinn líka á Íslandi. Ég tel einnig óásættanlegt að leggja þurfi stóran veg ofan við síldarverksmiðjuna í Ingólfsvörðum, sem myndi algjörlega raska landslagsmyndinni sem þar er nú. Virkjun mun því ekki aðeins skaða landslag á svæðinu heldur einnig minjar sem eru á svæðinu, minjar sem í sumum tilvikum eru nokkur hundruð ára gamlar og eru mikilvæg heimild um búsetu á þessu afskekktu svæði.

Ein fallegasta gönguleið á Íslandi er norður (eða í hina áttina, þ.e. suður) Strandir, frá Ingólfsvörðum og norður í Reykjafjörð og þaðan áfram á Hornstrandir. Virkjun myndi algjörlega eyðileggja stemmninguna á þessari gönguleið sem liggur um ein fallegustu ósnortnu víðerni Íslands. Skammt frá virkjunarsvæðinu eru Drangaskörð, ein stórkostlegasta náttúrusmíð á Íslandi og Friðlandið á Hornströndum. Virkjun á þessum stað er því algjörlega á skjön við þessar nálægu perlur og mun rýra upplifun ferðamanna á þeim.

Ég set stórt spurningamerki við að sá sem seldi vatnsréttindin í Eyvindarfirði sé ítalskur huldurbarónn sem seldur þau til Vesturverks, sem aftur selur þau til HS Orku sem er í meirihlutaeign kanadísks milljónamærings. Sá ítalski ku hafa komið í fjörðinn sinn tvisvar og þessir aðilar hafa því allta annað en hagsmuni svæðisins og náttúrunnar að leiðarljósi.

Ljóst er að Hvalárvirkjun mun sáralítið bæta rafmangsröygi á Vestfjörðum. Þar að auki er mjög margt á huldu um rafmangslínur frá virkjunni og hvar nota eigi orkuna. Loks er óljóst hvar orkan verður notuð.

Ljóst er að virkjunin mun ekki veita nein langtímaörf og á framkvæmdatímanum mun hún veita 350 störf í 3,5 ár sem að mestu leyti verður erlendur vinnukraftur (sbr. Impreglio við Kárahnjúka). Virkjun mun aðeins bæta samgöngur innan svæðisins en ekki inn á það. Ávinningurinn fyrir hreppinn og íbúa er því lítill – og alls ekki þess virði að fórna einhverjum fallegustu náttúruperlum Stranda.

Hvalárvirkjun var samþykkt í nýtingarflokk Rammááætlunar 2, en þar var hún 35MW en er nú 55 MW. Sú stækkun krefst að mínu mati nýs umhverfismats, enda gjörbreyttar forsendur fyrir virkjun og stíflugarðar t.d. orðnir hærri. Undirritaður telur að svo mikil stækkun myndi

greiða götu virkjunarinnar í Rammáætlun. Minna má á að Umhverfisstofnun gaf umsögn í apríl sl. þar sem áhrif virkjunarinnar voru metin neikvæð í nánast öllum liðum. Þetta er eitt mikilvægasta atriðið af hverju setja eigi spurningu við framkvæmdina og hugsa dæmið upp á nýtt.

Af ofanskráðu er ljóst að breytingar á deiliskipulagi Árneshrepps til undirbúnings Hvalárvirkjun eru afar misráðnar og yrðu meiriháttar óafturkræft umhverfisslys. Þessi framkvæmd snýr ekki eingöngu að íbúum Stranda heldur eru sameiginlegir hagsmunir Íslendinga allra. Ábyrgð hreppsnefndar er því mikil. Einnig er étt að minna á að mjög skiptar skoðanir eru á þessari framkvæmd meðal íbúa hreppsins og nágðannar í næstu fjörðum, t.d. Ingólfsfirði og á Dröngum eru afar mótfallnir þessari framkvæmd.

Af ofanskráðu tel ég afar brýnt að ekki verði af þessari framkvæmd.

Með kveðju

Tómas Guðbjartsson
Grenimel 31
IS 107 Reykjavík
tomasgudbjartsson@hotmail.com